



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Janúar 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Fjárheimildir og rekstur	5
3.1	Fjárheimildir	5
3.2	Rekstrarátætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur	6
4.2	Umfjöllun	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Lög og reglugerðir	7
5.2	Umfjöllun	7
5.2.1	Ferðakostnaður.....	7
5.2.2	Risna.....	7
5.2.3	Opinber innkaup og innkaupakort.....	7
5.2.4	Vörslusjóðir	7
5.3	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða	8
6.1	Sértekjur.....	8
6.1.1	Rekstrarframlög frá innlendum opinberum aðilum.....	8
6.1.2	Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	8
6.1.3	Önnur framlög og styrkir.....	8
6.1.4	Fræðslu- og námskeiðsgjöld	8
6.1.5	Kostnaðarhlutdeildartekjur.....	8
6.1.6	Sala á bókum o.fl.....	8
6.1.7	Aðrar tekjur.....	9
6.2	Rekstrargjöld	9
6.3	Niðurstaða.....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða	10
7.1	Eignir	10
7.1.1	Birgðir.....	10
7.1.2	Viðskiptakröfur	10
7.1.3	Vörslufé.....	10
7.1.4	Handbært fé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir	11
7.2.1	Höfuðstóll og bundið eigið fé.....	11
7.2.2	Ríkissjóður.....	11
7.2.3	Viðskiptaskuldir.....	11
7.3	Niðurstaða.....	11
8	Önnur atriði	12
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	12
8.2	Lögfræðibréf	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirsmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Stofnunar Árna Magnússonar var síðast tekinn til skoðunar árið 2011 vegna ársins 2010.

2 Niðurstöður og ábendingar

Við endurskoðun ársreiknings Stofnunar Árna Magnússonar fyrir árið 2016 komu fram eftirfarandi ábendingar.

1. Verkferlar og skráning verklagsregla

Ýmsum skilvirkum ferlum hefur verið komið á en eftir sem áður þarf að gera átak í því að yfirfara og skrá verkferla og verklagsreglur til að tryggja skilvirkt innra eftirlit. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar var vinna við það verkefni hafin á árinu 2017.

2. Mótteknir styrkir

Bæta þarf ut anumhald um móttekna styrki og bókun þeirra til að tryggja rétta lotun tekna.

3. Birgðir

Staðfesta þarf birgðatalningar og meta verðmæti birgða með tilliti til raunvirðis.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir árið 2016 nam 373,4 m.kr. og urðu það endanlegar fjárheimildir á árinu. Rekstrargjöld að frádrögnum tekjum námu samtals 385,8 m.kr. og varð því 12,4 m.kr. tekjuhalli á árinu 2016 eða 3,3% umfram fjárheimildir ársins samanborið við 4,6 m.kr. tekjuafgang árið áður.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 og niðurstöður rekstrar árið 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Rekstur 2016	Frávik 2016	Rekstur 2015
Sértekjur	-91.700	-91.700	-75.463	-16.237	-94.747
Launagjöld	357.300	357.300	341.614	15.686	313.799
Önnur rekstrargjöld	85.100	85.100	73.208	11.892	58.669
Eignakaup	4.700	4.700	4.477	223	4.090
Tilfærslur	18.000	18.000	41.999	-23.999	54.345
Samtals	373.400	373.400	385.835	-12.435	336.156

Helstu breytingar á milli ára eru 19,3 m.kr. lækkun á sértekjum og 27,8 m.kr. hækkun launagjalda, 14,5 m.kr. hækkun á öðrum rekstrargjöldum en styrkveitingar lækkuðu um 12,3 m.kr. Sértekjur voru 16,2 m.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og launagjöld voru 15,7 m.kr. innan fjárheimilda. Önnur rekstrargjöld voru einnig innan fjárheimilda um 11,9 m.kr. en styrkveitingar fóru um 24,0 m.kr. umfram fjárheimildir.

Tekjuhalli ársins 2016 bætist við uppsafnaðan tekjuhalla fyrri ára sem var 7,2 m.kr. eftir breytingu vegna lokafjárlaga 2015. Uppsafnaður tekjuhalli var því um 19,6 m.kr. í árslok 2016 eða tæplega 5,2% af fjárheimild ársins.

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Stofnunar Árna Magnússonar fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Í rekstraráætlun var gert ráð fyrir 14,7 m.kr. tekjuafgangi en tekjuhalli var 12,4 m.kr. þannig að mismunur á rekstrarniðurstöðu og niðurstöðu áætlunar nam samtals 27,1 m.kr.

3.3 Niðurstaða

Tekjuhalli Stofnunar Árna Magnússonar árið 2016 nam 12,4 m.kr. sem er mun lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstraráætlun stofnunarinnar var skráð í fjárhagskerfi ríkisins.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi en eftir sem áður þarf ákveðnar umbætur. Í skipuriti stofnunarinnar frá árinu 2006 kemur fram að stjórnslýsla stofnunarinnar sé stoðdeild við forstöðumann. Starfslýsingar fyrir starfsmenn stjórnslýslu eru til staðar og til stendur að uppfæra þær.

Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir fjárhagsbókhald og launavinnslu.

Umsjón og ábyrgð á bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð.

Handbók eða skjalfestar verklagsreglur um bókhald og fjármál er ekki til staðar en ýmsar vinnureglur eru til ýmist óskráðar eða á minnisblöðum. Á árinu 2017 hefur verið unnið að því að skoða verkferla hjá stofnuninni og skrá þá formlega.

Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn og undirritaðir af forstöðumanni. Viðvera starfsmanna hefur ekki verið skráð með stimpilklukku, en unnið hefur verið að innleiðingu á viðverukerfinu Vinnustund á árinu 2017.

Sviðsstjórar verkefnasviða samþykkja útgjöld sviðanna og rannsóknarverkefna á þeirra vegum.

Rafrænir samþykktarferlar hafa ekki verið teknir í notkun en ákveðið ferli er til staðar varðandi samþykkt reikninga. Forstöðumaður samþykkir til greiðslu ferðareikninga, risnútgjöld og óhefðbundin útgjöld. Fjármálastjóri samþykkir reikninga til greiðslu.

4.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að gera þarf átak í því að yfirfara og skrá verkferla og verklagsreglur hjá stofnuninni varðandi fjármál og bókhald. Vinna við það verkefni var hafin á árinu 2017.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Lög og reglugerðir

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af því hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

5.2 Umfjöllun

5.2.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera. Uppgjör ferða fer eftir þeim reikningi.

5.2.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Reikningarnir uppfylltu almenn formskilyrði og tilefni risnu kemur fram.

5.2.3 Opnber innkaup og innkaupakort

Stofnunin er aðili að rammasamningum ríkisins og nýtir þá þegar það á við samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni. Vörukaup eru takmörkuð og ráða verð, gæði og umhverfismál mestu um innkaupin.

Stofnunin nýtir innkaupakort. Stefnt er að því að fækka kortum, þannig að einungis forstöðumaður, fjármálastjóri og stofustjórar verði með innkaupakort á vegum stofnunarinnar.

5.2.4 Vörslusjóðir

Í bókhaldi stofnunar Árna Magnússonar eru fjórir vörslusjóðir. Þar af tveir minningarsjóðir vegna bókakaupa til stofnunarinnar, bókasjóður Þorsteins M. Jónssonar annars vegar og Minningarsjóður Birgit Baldwins hins vegar. Úthlutanir úr þessum sjóðum til bókakaupa eru styrkir til stofnunarinnar og færðir í gegn um tekjur og bókakaup fyrir styrkina sem gjöld.

5.3 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Stofnun Árna Magnússonar fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Sértekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu sértekjur Stofnunar Árna Magnússonar 74,5 m.kr. sem var lækkun frá fyrra ári um 19,3 m.kr. eða 20,4%.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Rekstrarframlög frá opinberum aðildum	33.671	30.534	3.137
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	27.068	26.442	626
Önnur framlög og styrkir	1.572	26.973	-25.401
Fræðslu- og námskeiðsgjöld	4.605	5.057	-452
Kostnaðarhlutdeildartekjur	3.371	0	3.371
Sala á bókum o.fl.	1.902	1.598	304
Aðrar tekjur	3.274	4.143	-869
Samtals	75.463	94.747	-19.284

6.1.1 Rekstrarframlög frá innlendum opinberum aðilum

Rekstrarframlög koma að stærstum hluta frá Rannsóknasjóði eða 26,0 m.kr. en einnig koma framlög frá Háskóla Íslands og erlendum háskólum til rannsókna. Þessir styrkir eru allir vegna samþykkrar rannsóknarverkefna.

6.1.2 Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana

Framlög á þessum lið koma m.a. frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands 11,3 m.kr. og frá mennta- og menningarmálaráðuneyti 6,0 m.kr., þar af til Íslenskrar málnefndar 3,0 m.kr. og rannsóknaleyfa sérfræðinga 1,5 m.kr. auk annarra verkefna. Frá ríkissjóði kom 7,0 m.kr. framlag, úr styrktarsjóðum Háskólans 2,0 m.kr. og 0,8 m.kr. frá Rannsóknamiðstöð Íslands.

6.1.3 Önnur framlög og styrkir

Önnur framlög og styrkir lækkuðu frá árinu 2015 um 25,4 m.kr. Lækkunin stafaði aðallega af því að styrkir frá erlendum háskólum árið 2015 voru ekki endurnýjaðir árið 2016 og einnig vegna bakfærðra styrkja frá fyrra ári sem höfðu verið tvískráðir það ár.

6.1.4 Fræðslu- og námskeiðsgjöld

Tekjur af námskeiðum og fræðslu eru fyrir kennslu í Háskóla Íslands eða um 3,3 m.kr. en einnig þátttökugjöld af tilfallandi námskeiðum og handritaskóla.

6.1.5 Kostnaðarhlutdeildartekjur

Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir fyrir kostnaðarhlutdeild.

6.1.6 Sala á bókum o.fl.

Bækur eru m.a. seldar í umboðssölu hjá Bóksölu stúdenta samkvæmt samningi við Háskólaútgáfunu.

6.1.7 Aðrar tekjur

Aðrar tekjur eru m.a. seld sérfræðiþjónusta, endurgreiddur ferðakostnaður, fjármunatekjur og leiga erlendra fræðimanna fyrir afnot af íbúð í eigu stofnunarinnar að Hvassaleiti 30 og fræðimannaíbúð í Þingholtsstræti.

6.2 Rekstrargjöld

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	341.001	313.638	27.362
Ferða- og fundakostnaður	15.441	12.920	2.521
Rekstrarvörur	11.643	9.065	2.578
Aðkeypt þjónusta	32.230	24.639	7.591
Húsnæðiskostnaður	13.106	11.401	1.705
Vextir, bætur, skattar	1.005	2.338	-1.333
Eignakaup	4.477	4.090	386
Tilfærslur	42.392	52.808	-10.416
Samtals	461.295	430.900	30.395

Endurskoðun annarra rekstrargjalda var gerð með greiningum, skoðun á ferlum og úrtaksskoðun.

Gjöld vegna launa, launatengdra gjalda og annars kostnaðar vegna starfsmanna námu 314,6 m.kr. árið 2016 sem er hækkun um 27,8 m.kr. frá fyrra ári eða 8,9%. Ársverk voru 35,2 og fjölgaði um 1,7 frá árinu áður eða 4,9%.

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðun án athugasemda. Ríkisendurskoðun leggur þó til að viðverkerfið Vinnustund verði tekið í notkun fyrir alla starfsmenn enda býður kerfið upp á ýmsa möguleika til vinnusparnaðar við launaskráningu auk utanumhalds um viðveru og fjarvistarréttindi.

Forstöðumaður auk fjármálastjóra samþykkir ferðareikninga, risnu og önnur óhefðbundin útgjöld. Ríkisendurskoðun mælist til að farið sé eftir þeirri meginreglu að tveir aðilar samþykki reikninga til greiðslu. Ferlið er þá byggt á því að sá sem stofnar til kostnaðarins staðfesti að um réttan reikning sé að ræða og að forsendur hans séu réttar s.s. verð og magn. Samþykki forstöðumanns eða annarra yfirmanna er síðan staðfesting á því að kaupin hafi verið heimiluð og að bókað sé á rétt kostnaðarviðfang. Í þeim tilvikum að um er að ræða samningsbundnar greiðslur eða aðrar fastar greiðslur er samþykkt gerð fyrir fram t.d. með undirritun á samning.

6.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að bæta þarf utanumhald um móttækna styrki og bókun þeirra til að tryggja rétta lotun tekna. Þá er lagt til að samþykktarferill verði yfirfarinn með tilliti til þess hverjir samþykkja reikninga og staðfestur formlega með undirritun forstöðumanns. Ríkisendurskoðun mælir enn fremur með því að allir starfsmenn skrái viðveru sína í Vinnustund.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir 108,6 m.kr., skuldir námu 124,2 m.kr., bundið eigið fé nam 4,1 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 19,6 m.kr.

Í þús.kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Birgðir	13.134	13.527	-393
Viðskiptakröfur	7.411	29.548	-22.137
Vörslufé	74.630	74.015	615
Handbært fé	13.450	27.316	-13.866
Eignir alls	108.625	144.406	-35.781
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-19.637	-15.002	-4.635
Bundið eigið fé	4.071	4.071	0
Ríkissjóður	29.945	69.637	-39.692
Viðskiptaskuldir	19.616	11.685	7.931
Vörslufé	74.630	74.015	615
Eigið fé og skuldir alls	108.625	144.406	-35.781

7.1 Eignir

7.1.1 Birgðir

Birgðir í árslok voru 13,1 m.kr. og höfðu lækkað um 0,4 m.kr. Birgðir samanstanda af bókum og kortum sem stofnunin hefur gefið út í gegnum árin. Birgðakerfi er ekki til staðar og eignfærð birgðastaða byggir á talningalistum. Ríkisendurskoðun bendir á að staðfesta þarf birgðalista og meta verðmæti birgða með tilliti til raunvirðis en birgðir eru tiltölulega hátt hlutfall af sölu.

7.1.2 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur í árslok námu 7,4 m.kr. og hefur staðan batnað frá fyrra ári m.a. vegna leiðréttingar á tvískráðum kröfum, en áfram þarf að skoða eldri kröfur og gera viðeigandi ráðstafanir.

7.1.3 Vörslufé

Til vörslufjár teljast fjórir sjóðir. Tveir stærstu sjóðirnir eru Minningasjóður Birgit Baldvins og Bókasjóður Þorsteins M. Jónssonar. Mótreykingur vörslufjár kemur fram skuldamegin í efnahagsreikningi.

7.1.4 Handbært fé

Samkvæmt bókhaldi stofnunarinnar eru sex bankareikningar skráðir, þar af fjórir með inneign í erlendri mynt. Óskað var eftir staðfestingum frá bankastofnunum og var staða í samræmi við stöðu bankareikninga í bókhaldi. Ríkisendurskoðun leggur til að það verði skoðað hvort fækka megi bankareikningum. Einnig er bent á skuld við ríkissjóð og reglur nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs um skil til ríkissjóðs ef bankainnstæður fara umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll og bundið eigið fé

Í lok ársins 2016 var höfuðstóll stofnunarinnar neikvæður um 19,6 m.kr. Staðan hafði versnað um 4,6 m.kr. frá fyrra ári. Annars vegar var tekjuhalli ársins 12,4 m.kr. til lækkunar og hins vegar batnaði staða um 7,8 m.kr. vegna framlags á lokafjárlögum 2016.

Bundið eigið fé er framlag til eignamyndunar, sem nam 4,1 m.kr. í árslok 2016. Staða á þessum lið hefur verið óbreytt í mörg undanfarin ár og var framlagið veitt á móti birgðastöðu á þeim tíma. Samkvæmt upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins verður þessi liður tekinn til afgreiðslu í tengslum við innleiðingu á nýjum lögum um opinber fjármál og við gerð stofnefnahagsreiknings 2017.

7.2.2 Ríkissjóður

Í árslok 2016 var skuld við ríkissjóð að fjárhæð 29,9 m.kr. og hafði skuldin lækkað um 39,7 m.kr. frá fyrra ári.

7.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 19,6 m.kr. í árslok 2016 sem er hækkun um 7,9 m.kr. frá fyrra ári. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2017 til greiðslu viðskiptaskulda yfirfarnar án athugasemda.

7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að staðfesta þarf birgðatalningar og meta verðmæti birgða með tilliti til raunvirðis. Þá er mælt með að það verði skoðað hvort fækka megi bankareikningum. Einnig þarf að skoða hvort ekki sé rétt að greiða niður skuld við ríkissjóð til samræmis við reglu nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs, um skil til ríkissjóðs ef bankainnstæður fara umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstöðumanni og fjármálastjóra þann 21. apríl 2017.

8.2 Lögfræðibréf

Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni, m.a. því sem kemur fram í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina sem fela í sér fjárskuldbindingar fyrir stofnunina.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Stofnun Árna Magnússonar voru undirritaðar.

8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá stofnuninni var undirritað af ríkisendurskoðanda og forstöðumanni Stofnunar Árna Magnússonar.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Ríkisendurskoðun – Bréttartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is